



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á málþinginu
„Frá hugsjónum til framkvæmda“
Þátttaka frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu
Norræna húsinu
23. mars 2007**

Ágætu málþingsgestir.

Það er vel til fundið að efna nú til málþings um hugsjónir, markmið og leiðir í þróunarsamvinnu frjálsra félagasamtaka því áhrif og árangur þeirra hafa farið sívaxandi á undanförunum árum. Slík samtök geta ráðið miklu um hve vel okkur Íslendingum tekst að verða öðrum þjóðum að liði, þjóðum sem glíma við fátækt og sjúkdóma, að framfleyta æskunni og veita henni menntun sem dugir í lífsbaráttu sem er harðari en við getum auðveldlega gert okkur í hugarlund.

Hér hafa tekið höndum saman UNIFEM og UNICEF, Rauði krossinn og Barnaheill, Kristniboðssambandið og ABC Barnahjálp, Hjálparstarf kirkjunnar og SOS-Barnaþorpin og boðið öðrum að umræðuborði um hugsjónir og markmið, um vænlegar leiðir og hvað við getum lært af reynslu hvers annars.

Breytingarnar á undanförunum áratugum eru vissulega jákvætt veganesti því áhrif frjálsra félagasamtaka hafa vaxið jafnt og þétt. Framlag Íslendinga hefði verið til muna fábrottnara ef hin frjálsu félagasamtök hefðu ekki lagst á árar af miklum krafti.

Lengst af á liðinni öld var þróunarsamvinnan nánast alfarið í verkahring stofnana sem ríkin á Vesturlöndum höfðu komið á fót hvert um sig eða viðfangsefni alþjóðastofnana sem urðu til á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Þetta kerfi endurspeglaði vissulega hugsjónir um samhjálp og bræðralag en það reyndist fljótt þungt í vöfum, fékk á sig svipmót

skriffinnsku, varð háð lögmálum sem ráða í ákvörðunum ríkisstjórna og ráðuneyta og í þeim hæga dansi sem stigin er í hliðarsölum, hvort heldur er í New York, Genf, Róm eða annars staðar þar sem er aðsetur höfuðstöðva.

Ég kynntist þessari veröld vel þegar ég fyrir röskum tuttugu árum stýrði undirbúningi fyrstu þingmannaráðstefnu um þróunarmál sem Evrópuráðið efndi til og einnig með því að vera þátttakandi í störfum Parliamentarians for Global Action, samtaka sem árlega efndu til málþings í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York þar sem kjörnir fulltrúar víða að úr veröldinni ræddu við helstu forystumenn hins alþjóðlega þróunarstarfs.

Pótt árangur þess væri vissulega verulegur þá skorti tilfinnanlega sveigjanleika og gagnrýnið endurmat sem jafnan fylgir opinni umræðu og aðild venjulegs fólks, áhugamanna, almennings að ákvörðunum um áherslur og stefnumótun.

Hið ánægjulega við þróunina á síðustu árum er í hve ríkum mæli frjáls félagasamtök hafa mætt til leiks á þessum velli, sum ný af nálinni, sprottin upp í krafti hugsjónastarfs þúsundanna, önnur sem notið hafa eldri róta, reynslu sem fékkst á fyrri tímum eða verið studd af trúfélögum sem og samtökum á borð við Rauða krossinn.

Hið ríkulega framlag frjálsra félagasamtaka hefur líka haft jákvæð áhrif á stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankann og þróunarstofnanir einstakra ríkja, opnað umræðuna, veitt nauðsynlegt aðhald, sýnt fram á nýjar leiðir, aðferðir sem skilað geta árangri á skemmri tíma, með minni fyrirhöfn og minni tilkostnaði.

Mestu skiptir þó að hin frjálsu félagasamtök hafa veitt milljónum liðsmanna um heim allan tækifæri til að vera þátttakendur í þróunarstarfi og á þann hátt skapað öflugan lýðræðislegan bakhjarl sem áður skorti.

Viðfangsefnin eru líf skjör fólks, tækifæri hinna verst settu til að afla sér fæðu og viðurværis, njóta menntunar, læknishjálpar og forvarna gegn sjúkdómum sem án bólusetningar eða lyfja myndu leggja milljónir manna að velli á ári hverju.

Slík viðfangsefni þurfa á lýðræðislegri umfjöllun að halda og hin frjálsu félagasamtök gegna lykilhlutverki í þeim efnum.

Þau geta líka skapað fjölbreytileika á vettvangi þróunarstarfsins sem styrkt getur verkefni sem þróunarstofnanir einstakra ríkja og alþjóðastofnanir hafa í hyggju að hrinda í framkvæmd. Samstarf af því tagi er á komandi árum mikilvægur þáttur í árangursríkara framlagi okkar hinna efnameiri.

Frjáls félagasamtök hafa líka skapað leiðir til að afla aukinna fjármuna til þróunarstarfsins með söfnunum meðal almennings, framlögum fyrirtækja eða auðugra einstaklinga og með fjölþættu fræðslu- og kynningarstarfi sem tvímælalaust hefur haft jákvæð áhrif á þjóðarvilja í mörgum löndum.

Við sjáum alla þessa eðlisþætti í hnotskurn hér hjá okkur í ánægjulegum breytingum sem orðið hafa meðal þjóðarinnar á nýliðnum árum.

Samtökin setja nú ríkulegan svip á framlag Íslands til þróunarstarfs í fátækustu löndum heims og árangur þeirra er iðulega talinn okkur til tekna þegar rætt er við erlenda áhrifaaðila sem meta einstakar þjóðir í þessum efnum. Á þann hátt hafa hin frjálsu samtök orðið til að styrkja orðstír Íslands og gera okkur kleift að vera í auknum mæli fullgildir þátttakendur í fjölþættu alþjóðastarfi.

Jafnframt hafa samtökin skapað þúsundum heimila vítt og breitt um landið allt tækifæri til að tengjast þróunarstarfi og öðlast um leið ánægju og þroska af því að verða öðrum að liði.

Raunar er einstakt hve stór hluti þjóðarinnar hefur reynst fús að leggja fram fjármuni í almennum söfnunum sem hin frjálsu félagasamtök efna til á hverju ári. Stoltir foreldrar hvetja börn sín til að setja peninga í söfnunarbauka; ánægjan og gleðin í augum hinna ungu eru vitnisburður sem aldrei gleymist þeim sem gengið hafa í hús eða verið á vettvangi verslana í þessu skyni.

Framlag frjálsu félagasamtakanna er blessunarlega orðið svo samofið samfélagsvitund þjóðarinnar að í raun eru samtökin nú helsti burðarás í vilja Íslendinga til að efla og styrkja framlag okkar á þessu sviði.

Því er afar mikilvægt að ræða hvernig hægt er að nýta til frekari sóknar árangurinn sem þegar hefur náðst og kanna á hvern hátt íslenska ríkið og frjáls félagasamtök geta saman lagst á árar, kanna með opnum huga nýjar leiðir þar sem saman fara styrkur opinberra stofnana og sveigjanleiki, lýðræðisþróttur og hugsjónaeldur þúsundanna sem starfa innan vébanda hinna frjálsu félagasamtaka.

Málþingið hér í dag er mikilvægur vettvangur samræðu um þessi efni um leið og það lýsir þeim eindregna sóknarvilja sem í vaxandi mæli setur svip á þróunarstarf Íslendinga.